

# HEILBRIGÐISNEFND AUSTURLANDS

## STARFSLEYFI

Starfsleyfishafi: Skotfélag Austurlands  
kt. 500395-2739

Starfsstöð: Puriðarstaðir á Eyvindarárdal

Starfsstöð: frá 5. október 2022 til 5. október 2034

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir:

- félagsaðstöðu Skotfélags Austurlands „Skeet“ völl
- Vatnsveitu sem þjónar aðstöðunni

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., skv. lögum nr. 55/2003 um meðferð úrgangs. og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina kunna að gilda og starfsleyfisskilyrðum sem fylgja starfsleyfi þessu og eru óaðskiljanlegur hluti þess.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlands. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi.

Starfsleyfi þetta skal vera aðgengilegt á starfsstöð. Skylt er að framvísa starfsleyfi og starfsleyfisskilyrðum þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Framsal þessa leyfis er óheimilt.

Starfsleyfið er gefið út til 12 ára. Heimilt er að endurskoða og breyta starfsleyfi áður en gildistími þess er liðinn vegna breyttra forsendna, svo sem ef mengun af völdum atvinnurekstrar er meiri en búist var við þegar leyfið var gefið út, ef breytingar verða á rekstrinum sem varðað geta ákvæði starfsleyfis, vegna tækniþróunar eða breytinga á reglum um mengunarvarnir, eða ef breyting verður á aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélags.

Starfsleyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá HAUST hverju sinni. Eftirlitsgjöld verða innheimt samkvæmt ákvæðum ofangreindra laga þar til forsvarsmáður hefur tilkynnt stöðvun rekstrar og heilbrigðiseftirlit staðfest það.

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi



**HAUST**  
Heilbrigðiseftirlit Austurlands

# Starfsleyfisskilyrði

## Heilbrigðisnefndar Austurlands

**Starfsleyfishafi:** Skotfélag Austurlands  
kt. 500395-2739

**Starfsstöð:** Þuríðarstaðir á Eyvindarárdal

Leyfið gildir frá 5. október 2022 til 5. október 2034

### Um er að ræða starfsleyfi fyrir félagsaðstöðu Skotfélags Austurlands og vatnsveitu sem þjónar aðstöðunni

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt neðangreindum lögum og á grunni umsóknar um endurnýjað starfsleyfi dags. 23.ágúst 2022.

Lög sem um starfsemina gilda eru m.a.

- *Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br.*

Leyfishafi skal einnig hlíta ákvæðum annarra laga og reglugerða sem um starfsemina gilda s.s.

- *Reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit m.s.br.*

Starfsleyfishafi er ábyrgur fyrir starfseminni og því að farið sé eftir gildandi lögum og reglugerðum hverju sinni sem, samþykktum viðkomandi sveitarfélags og eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfisskilyrðum þessum og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi aðal- og deiliskipulag. Starfsleyfishafi ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum starfsemi sinnar og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

# 1 Lýsing á starfseminni og skilyrði sem gilda

---

## 1.1 Félagsaðstaða og skotvellir

Félagsaðstaða skotfélags Austurlands er staðsett við Þuríðarstaði á Eyvindarárdal á svæðinu er félagsheimili þar sem er aðstaða fyrir félagsmenn, kaffistofa og salerni.

Á félagssvæðinu er ríffilbraut með skotmörkum frá 50 til 600 metra ásamt svæði ætluðu tveimur haglabyssuvöllum.

**Krafa er um að skotæfingasvæðið verði girt af eða merkingum verði gefið greinilega til kynna að um skotæfingasvæði sé að ræða.**

Um starfsemina gildir m.a., eftir því sem við á:

- *fylgiskjal I – Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi*
- *fylgiskjal II – Starfsreglum HAUST fyrir skotvelli frá árinu 2008*
- *fylgiskjal III – Starfsleyfisskilyrðum fyrir samkomuhús frá árinu 2018*

## 1.2 Vatnsveita

Neysluvatn er fengið er niðurgröfnum lindarbrunni sem staðsettur er í nágrenni félagaðstöðunnar. Frá brunnum er vatnið leitt í aðstöðuhús skotfélagsins.

Meðal annars skal farið eftir:

- *Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn.*
- *Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.*

**Innra eftirlit vatnsveitu:** Til þess að tryggja gæði og öryggi neysluvatns ber rekstararaðila að viðhafa innra eftirlit vegna starfseminnar. Eftirtalda þætti þarf að skoða að lágmarki árlega en oftast ef þurfa þykir:

- Athuga girðingar umhverfis vatnsból og lafæra þær ef þurfa þykir.
- Athuga hvort hætta sé á að meindýr komist í vatnsbólið.
- Ganga úr skugga um að ekkert sem spillt geti vatnsbóli sé í nánasta umhverfi þess. Sérstaklega er athugað að dýrahæ og annað sem valdið geti mengun séu fjarlægð.

Þá þarf að fylgjast reglulega með síum í vatnsleiðslum og krönum. Skipta skal um síurnar eftir þörfum.

Ef vart verður við óeðlilega breytingu á neysluvatni skal taka sýni til rannsóknar á viðurkenndri rannsóknarstofu. Sama gildir ef vart verður mengunar í nágrenni vatnsbóls sem ætla mætti að geti spillt gæðum neysluvatns.

## 2 Annað sem varðar starfsemina.

---

### 2.1 Fráveita

Fráveita frá félagsaðstöðu skal leidd í lokaðan skólptank og hann tæmdur reglulega og áður en hann fyllist. Þjónusta við skólptankinn skal framkvæmd af aðila sem hefur starfsleyfi Heilbrigðiseftirlits til slíkrar starfsemi.

Krafa er um að kvittanir eða dagbókarfærslur sem sýna þjónustu og tæmingu á skólptanki séu aðgengilegar í starfsstöðinni.

Um fráveitur gilda m.a.

- Reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ

## 3 Kröfur vegna starfsleyfis / Takmarkanir á starfleyfi

---

Vegna nálægðar við grannsvæði vatnsbóls og staðsetningar innan fjarsvæðis skal gætt ýtrustu varfærni í akstri að og frá svæðinu. Hvers konar akstur utan aðkomuleiðar, bílastæðis og vegslóða meðfram riffilbraut er stranglega bannaður.

## 4 Starfsemi hætt

---

Verði rekstri hætt skal tilkynna Heilbrigðieftirliti Austurlands skriflega með a.m.k. mánaðar fyrirvara. Komi í ljós mengun skal fyrirtækið láta hreinsa svæðið á sinn kostnað, gerist þess þörf, og sjá til þess að úrgangi sé fargað á viðkenndan hátt. Við ákvörðun um athugun á athafnasvæði, mat á mengun, hreinsunarþörf og hreinsiaðgerðir skal haft fullt samráð við heilbrigðiseftirlitið.

5. október 2022  
Virðingarfyllst,  
f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands

Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

5. október 2022

Skotfélag Austurlands  
Þuríðarstaðir á Eyvindrá  
700 Egilsstaðir

### **Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir Skotfélag Austurlands Þuríðarstöðum á Eyvindarárdal**

Umsókn um endurnýjun á starfsleyfi fyrir félagsaðstöðu Skotfélags Austurlands og vatnsveitu að Þuríðarstöðum í Eyvindarárdal barst 23.8.2022. Umsækjandi var Skotfélag Austurlands, kt. 500395-2739.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Tillaga að starfsleyfi var útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 5. september 2022. Veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda rann út þann 3. október sl.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests og er því starfsleyfið gefið út í kjölfarið.

Engar efnislegar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Virðingarfyllt,

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir  
heilbrigðisfulltrúi

## Fylgiskjal I

# ALMENN STARFSLEYFISKILYRÐI FYRIR MENGANDI STARFSEMI

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum. Sjá einnig auglýsingu nr. 582/2000 um lista yfir mengandi starfsemi þar sem ekki er krafist ítarlegrar starfsleyfisgerðar.*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

- 1.1 Sækja skal um nýtt starfsleyfi ef gera á umtalsverðar breytingar á rekstrinum, taki nýr rekstraraðili við eða ef starfsemin flytur.
- 1.2 Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer skv. lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.
- 1.3 Í starfsleyfi eru skráðar sérstakar kröfur til mengunarvarna sem rekstur þarf að uppfylla. (reglugerð 550/2018)
- 1.4 Við reksturinn skal leitast við að draga úr álagi á umhverfið, beita bestu aðgengilegu tækni til að ná þeim markmiðum og skipuleggja orkunotkun á sem vistvænastan hátt.
- 1.5 Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækisins að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfisskilyrðum.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 7/1998 til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.

## 2. LÓÐ OG HÚSNÆÐI

- 2.1 Lóð og húsnæði skal vera snyrtilegt og vel við haldið. Við húsnæðið skal vera viðurkennt sorpílát.
- 2.2 Komið skal í veg fyrir að úrgangur og annað sem ekki tilheyrir starfseminni safnist fyrir á lóð.
- 2.3 Fyrirtækið virði það skipulag og nýtingu lóðar sem samþykkt hefur verið af byggingaryfirvöldum.
- 2.4 Afla ber leyfis fyrir staðsetningu olíutanka, sbr. ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.
- 2.5 Bifreiðum, tækjum, lausamunum, úrgangi og annað sem tilheyrir rekstraraðila skal snyrtilega komið fyrir á umráðasvæði rekstraraðila og þannig að ekki valdi slyshættu. Óheimilt er að nýta bílastæði sem ákveðin eru í skipulagi eða á samþykktum uppdráttum sem slíka geymslu.

### 3. MENGUNARVARNIR

3.1 Forráðamönnum fyrirtækja og stofnana er skylt að gera allt sem í þeirra valdi stendur til að draga úr hljóðmengun og koma í veg fyrir óþægindi af völdum hávaða frá starfseminni, sbr. reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

3.2 Loftræstingu skal þannig háttað að hún valdi ekki fólki í nágrenninu óþægindum eða heilsufarslegri hættu vegna loft- eða hávaðamengunar. Komi upp vandamál vegna lyktar eða mengandi efna frá útblæstri er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast úrbóta s. s. breytinga á útrásum, eða hreinsunarbúnaðar.

3.3 Upplýsingum um legu og fyrirkomulag frárennislagna skulu vera tiltækar í fyrirtækinu. Engar breytingar verði gerðar á frárennslu sem skerði mengunarnir sem fyrir eru né takmarki möguleika á að koma þeim fyrir í framtíðinni. Fráveitukerfi skal vera tvöfalt sé þess talin þörf. Mengunarnabúnaði skal komið fyrir á fráveitu í samræmi við ákvæði III. kafla reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólþ.

3.4 Við meðferð alls úrgangs verði þess gætt sérstaklega að flokkun hans sé í samræmi við möguleika á endurvinnslu og/eða viðurkenndri förgun eins og hún er skilgreind á hverjum tíma. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs eins og við á.

3.5 Geyma skal öll hættuleg efni og efnasambönd á öruggan hátt í traustum og rétt merktum ílátum. Hættuleg efni skulu meðhöndluð af varúð og þess vandlega gætt, að þau hvorki berist í niðurföll né geti á annan hátt valdið umhverfisskaða eða heilsutjóni almennings.

3.6 Spilliefni og hættuleg efni verði meðhöndluð af varúð og aðgreind frá öðrum hráefnum, afurðum og úrgangi. Spilliefnum sé skilað í viðurkennda söfnunar- eða móttökustöð. Mikilvægt er að tryggja greinargóðar merkingar íláta og aðskilin afmörkuð rými eða svæði. Jafnframt skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni.

3.7 Við rekstur kælikerfa með ósoneyðandi kælimiðlum skal fylgja ákvæðum reglugerðar nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósonlagsins.

3.8 Rekstraraðila er skylt að hafa aðgengileg uppfærð öryggisblöð fyrir hreint efni eða efnablöndur sé krafa um þau sbr. 30. gr. efnalaga nr. 61/2013.

3.9 Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um að rekstraraðili útbúi viðbragðsáætlun vegna mögulegra óhappa við meðhöndlun á olíu og olíuefnum, varúðar- og hættumerktum efnum og spilliefnum. Viðbragðsáætlunin þarf að vera sýnileg á áberandi stað, yfirfara þarf hana reglubundið með starfsmönnum og halda æfingar til að æfa viðbrögð a.m.k. einu sinni á ári.

#### 4. SPILLIEFNI OG ÚRGANGUR

4.1 Draga skal úr myndun úrgangs eins og kostur er. Meðferð úrgangs skal miðast við að úrgangur sé endurnotaður eða endurnýttur þegar þess er kostur. Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs.

4.2 Rekstraraðili skal eftir mætti draga úr myndun umhverfisspillandi efna, m.a. með notkun umhverfissvænna efna, með endurnýtingu, endurvinnslu eða endurhæfingu efna.

4.3 Óheimilt er með öllu að losa spilliefni í fráveitu.

4.4 Spilliefni skulu geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins eða skaðlegum áhrifum á fólk eða dýr. Spilliefnum skal safnað í lokuð, traust ílát, sem henta viðkomandi efnum. Einstökum spilliefnategundum skal haldið aðskildum og aðgreina skal spilliefnablöndur þar sem kostur er. Óheimilt er að blanda spilliefnum við annan úrgang nema Umhverfisstofnun hafi veitt til þess leyfi. Ílátin skulu merkt með orðinu „spilliefni“ og innihaldi. Þau skulu tryggilega varðveitt þar til þau eru flutt til eyðingar eða meðhöndlunar þannig að ekki sé hætt á að umbúðir verði fyrir hnjaski.

4.5 Spilliefni skal ekki geyma til langframa og skal skilað reglulega til aðila sem starfsleyfi hafa til móttöku eða flutnings spilliefna.

4.6 Þegar rekstraraðili afhendir spilliefni til flutningsaðila eða móttökustöðvar skal halda eftir skriflegri staðfestingu fyrir móttökunni þar sem fram kemur nafn flutningsaðila, magn (kg, l), flokkun og gerð úrgangs. Sams konar upplýsingar skulu fylgja spilliefnunum. Staðfestingar síðustu 5 ára skulu liggja frammi við eftirlit í fyrirtækinu.

4.7 Að öðru leyti skal fara að ákvæðum reglugerðar nr. 806/1999 um spilliefni. Um skilgreiningu á spilliefnum fer skv. reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs, með síðari breytingum.

#### 5. EFTIRLIT

5.1 Um eftirlit fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Umhverfisstofnun og heilbrigðisnefndir annast eftirlit með atvinnurekstri. Um gjaldtöku fyrir eftirlit fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

*Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum: Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, lögum nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð, efnalögum nr. 61/2013, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni, reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi, reglugerð nr. 724/2008 um hávaða, byggingarreglugerð nr. 112/2012, reglugerð nr. 787/1999 um loftgæði, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna, reglugerða nr. 970/2013 um efni sem valda rýrnum ósónlagsins, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs.*



## Starfsreglur fyrir skotvelli

### 1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfisskilyrði þessi gilda fyrir utandyra skotæfingasvæði þar sem fram fara skotæfingar með hagla-, riffil- eða skambyssuskotvopnum.
- 1.2 Skilyrðin eru viðbót við almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi.

### 2. Mengunarvarnir

- 2.1 Áður en starfsemi hefst á skotæfingasvæðinu skal mæla þungmálmamengun á svæðinu. Ennfremur skal á fimm ára fresti mæla hversu djúpt þungmálmamengun frá skotum hefur borist. Skotvelli þar sem eingöngu eru notuð stálskot eru undanþegnir þessu ákvæði.
- 2.2 Leitast skal við að nota skot með stálhöglum eða öðrum vistvænni höglum en blýi.
- 2.3 Við hvert skotstæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
- 2.4 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons).
- 2.5 Takmarka skal útbreiðslu hávaða eins og unnt er t.d. með gerð hljóðmana, veggja, klefa, eða öðrum hindrunum og notkun hljóðísogsefna. Takmarka skal opnunatíma og auka aðrar hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í íbúabyggð.
- 2.6 Fráveituvatni félagshúss skal veitt í lokaðan safntank.

### 3. Eigið eftirlit og skráning

- 3.1 Halda skal skrá;  
Hvenær æfingar fara fram á vellinum.  
Áætlað magn (kg) blýs sem fellur á völlinn við æfingar.  
Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
- 3.2 Í október ár hvert skal fara fram almenn hreinsun á skotæfingasvæðinu þar sem tóm skothylki, forhlöð og annað sorp er hreinsað af svæðinu. Skal þá einnig skila skýrslu til Heilbrigðiseftirlits Austurlands fyrir síðastliðið ár varðandi lið 3.1.

### 4. Ákvæði til bráðabirgða

- 4.1 Skotæfingasvæði sem eru starfandi þegar starfsleyfisskilyrði þessi eru samþykkt, skulu uppfylla ákvæði 2.1 innan 6 mánaða frá útgáfudegi starfsleyfis.
- 4.2 Eintak af starfsreglum þessum skulu alltaf tiltæk á skotvellinum.

**Um aðstöðuhús gilda viðkomandi lög og reglugerðir, þ.m.t. um félagsaðstöðu, neysluvatn og fráveitu fyrir salerni.**

*Fylgiskjal III*

# STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR Samkomuhús

*Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum*

## 1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Reglug. nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir samkomustaði, sem eru sérstaklega útbúnir og ætlaðir til hvers kyns samkomuhalds og til þess leigðir út í atvinnuskyni til einstaklinga og/eða fyrirtækja, hvort sem er með eða án veitinga í mat og/eða drykk.	1277/2016 18. gr.  941/2002 3. og 7. gr.	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur samþykki byggingarnefndar fyrir starfsemina.	941/2002 13.gr.	
1.3	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er um að ræða samhliða gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði.	941/2002	
1.4	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 14.gr.	
1.5	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn.	941/2002 14.gr.	
1.6	Í umsókn skal tilgreina fastanúmer og skrá heiti þeirrar fasteignar sem fyrirhuguð starfsemi mun fara fram.	1277/2016 23.gr.	

## 2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Reglug. nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel viðhaldið. Húsnæði skal vera aðskilið frá óskyldri starfsemi eða íbúð.	941/2002 14.gr.	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr.	
2.3	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera nægilegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr.	
2.4	Viðskiptavinir eiga að hafa greiðan aðgang að fullbúinni snyrtingu.	941/2002 15.gr.  112/2012	
2.5	Vatnskerfi skal vera þannig að ekki sé hætta á húðbruna almenns notanda. Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar.	941/2002 14.gr.	
2.6	Húsnæði og búnaður veitingastaða skal vera í samræmi við kröfur í starfsleyfi heilbrigðisnefndar á viðkomandi svæði.	1277/2016	

### 3. HÁVAÐI

		Reglug. nr.	Uppfyllt
3.1	Skýlt er að haga allri háværrí starfsemi þannig að ekki valdi ónæði.	724/2008	

### 4. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Reglug. nr.	Uppfyllt
4.1	Húsnæði og öll aðstaða skal þriffin eftir þörfum sem ræðst af notkun húsnæðisins. Heilbrigðisnefnd getur gert kröfu um skriflega hreinlætisáætlun. Allsherjarhreingerningu skal gera eftir þörfum.	941/2002 14.gr.	
4.2	Gólfefni og frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 14.gr.	
4.3	Loftræsikerfi skal hreinsa og þjónusta reglulega. Þjónustubók eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 11.gr.	
4.4	Fara skal að ákvæðum laga um tóbaksvarnir, eftir því sem við á.	Lög nr. 6/2002	

### 5. MATVÆLI

		Reglug. nr.	Uppfyllt
5.1	Fara skal að ákvæðum matvælalaga og reglugerðum sem á þeim byggja eftir því sem við á.	103/2010 852/2004	
5.2	Yfirmaður í eldhúsi veitingastaðar skal búa yfir fullnægjandi menntun og þekkingu í meðferð matvæla, hreinlæti og verkstjórn í samræmi við ákvæði matvælalag og gildandi reglugerðar um hollustuhætti.	1277/2016 16. gr.	

### 6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Reglug. nr.	Uppfyllt
6.1	Sjúkrakassi skal vera aðgengilegur.	941/2002 14. gr.	
6.2	Lyf og hættuleg efni skulu geymd í læstri hirslu. Efnavara skal vera merkt á fullnægjandi hætt. Öryggisleiðbeiningar um hættuleg efni skulu vera aðgengilegar.	941/2002 37. gr.	

## 7. UMHVERFISMÁL

		Reglug. nr.	Uppfyllt
7.1	Aðkoma og lóð skal vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggisþingarmið.	941/2002 14. og 18. gr.	
7.2	Gæta skal þess að mengun s.s. hávaði og lykt valdi hvorki gestum né nágrönnum staðarins óþægindum eða ónæði.	941/2002 22. gr.	
7.3	Leitast skal við að draga úr sorpmyndun og flokka úrgang til endurvinnslu samkvæmt reglum viðkomandi sveitarfélags. Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.	136/2002	
7.4	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/2002	

### Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

- Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.br.
- Reglugerð um hollustuhætti nr. 941/2002, m.s.br.
- Reglugerð um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.
- Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp, m.s.br.
- Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.
- Reglugerð um spilliefni nr. 806/199 breytt með reglugerð nr. 169/2002.
- Reglugerð nr. 1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs,
- Lögum nr. 6/2002 um tóbaksvarnir.
- Lögum nr. 93/1995 um matvæli.
- Reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.
- Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, m.s.br.
- Lögum nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 1277/2016 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald.
- Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.
- Byggingarreglugerð nr. 112/2012 m.s.br.